

Borgarráð

**Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mat á hvaða mál flokkast sem trúnaðarmál - umsögn.**

Á fundi borgarráðs þann 27. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

*Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í ítarlega greiningu á því hvaða mál flokkast undir trúnaðarmál og hvað ekki og að verklagsreglur verði settar um flokkun mála eftir niðurstöðu greiningarinnar. Svo virðist sem ákvarðanir um hvaða mál séu trúnaðarmál og hvaða gögn séu trúnaðargögn séu oft hipsum haps. Ef í gögnum mála birtast viðkvæmar persónulegar upplýsingar þá er engin vafi að um þau mál skuli ríkja trúnaður. Eins gildir um tölulegar upplýsingar sem eru á leið í Kauphöll. Flest önnur mál eiga að vera opinber og gagnsæ nema í algerum undantekningartilfellum. Þannig hefur það ekki verið. Alls kyns mál eru stimpluð trúnaðarmál án þess að nokkur skýr ástæða liggi að baki um nauðsyn þess. Sem dæmi hafa kynningar og skýrslur verið faldar fyrir almenning og jafnvel aldrei litið dagsins ljós. Einnig hugmyndir að deiliskipulagi sem ættu einmitt að koma sem fyrst fyrir augu sem flestra. Í þessum málum hafa ekki verið neinar persónulegar upplýsingar eða viðkvæmar fjárhagslegar upplýsingar. Það hefur stundum verið tilfinning fulltrúa Flokks fólksins að þetta sé gert í þeim tilgangi að fela óþægilegar upplýsingar og staðreyndir fyrir borgarbúum. Almennur á rétt á því að hafa aðgang að upplýsingum um verkefni Reykjavíkurborgar og trúnaður á að vera undantekningin en ekki meginreglan.*

Borgarráð vísaði tillögunni til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Umsögn.

Í gildi eru upplýsingalög nr. 140/2012 sem gilda um alla starfsemi stjórnvalda. Í lögnum er að m.a. finna ákvæði um almennan aðgang að upplýsingum, takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna og opinberra hagsmuna og birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda. Lögin gilda að sjálfsögðu um Reykjavíkurborg eins og önnur stjórnvöld og er farið eftir þeim í hvívetna á vettvangi nefnda og ráða Reykjavíkurborgar að því er varðar

aðgang almennings. Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er jafnframt að finna ákvæði um aðgang sveitarstjórnarmanna að gögnum en þar kemur fram í 28. gr. að vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn enda skulu sveitarstjórnarmenn gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara.

Í gildandi verklagsreglum um undirbúning borgarráðsfunda kemur fram að það er á ábyrgð þess aðila sem leggur málið fram gera grein fyrir því hvort erindið eða gögn sem fylgja því eru háð trúnaði. Ef gögnin eiga ekki að birtast opinberlega eftir framlagningu skal aðskilja þau frá öðrum skjölum og auðkenna þau sérstaklega á áberandi hátt sem slík og tilgreina hversu lengi trúnaðurinn skal standa. Að jafnaði er gætt vel að trúnaðarmerkingum skjala fyrir borgarráð þótt fallast mætti á að merkingar og tilvísanir í ákvæði upplýsingalaga mætti bæta.

Í gildandi upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar kemur jafnframt fram að öll meðferð upplýsinga hjá Reykjavíkurborg skal fullnægja þeim kröfum sem settar eru til verndar réttindum annarra svo sem í lögum um persónuvernd, upplýsingalögum, stjórnarsýslulögum og sveitarstjórnarlögum. Meðferð upplýsinga skal einnig vera í samræmi við aðrar stefnur og gildi borgarinnar svo sem mannréttindastefnu og siðareglur. Reykjavíkurborg á frumkvæði að miðlun upplýsinga um starfsemi borgarinnar, stefnu hennar, þjónustu, regluverk, fjárhag, stjórnarsýslu, ákvarðanir og forsendur þeirra. Fundargerðir eru gerðar aðgengilegar á vef borgarinnar ásamt fundargögnum nema um þau gildi trúnaður.

Með vísan til ofangreinds er talið að í gildi séu skýr ákvæði laga um bæði aðgang almennings og kjörinna fulltrúa að gögnum sveitarfélagsins. Hjá Reykjavíkurborg eru jafnframt í gildi verklagsreglur og upplýsingastefna til fyllingar á þeim lagaákvæðum og ónauðsynlegt að ráðast í greiningar á efni laganna. Í ljósi þess er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar